

Fundargerð

Parkinsonsamtökin á Íslandi – Aðalfundur 28. maí 2020

Vilborg Jónsdóttir, formaður Parkinsonsamtakanna, bauð fólk velkomið. Hún byrjaði fundinn á því að minnst látins félaga, Bryndísar Tómasdóttur, sem lést þann 11. maí sl. Hún var einn af stofnendum Parkinsonsamtakanna og sat í stjórn samtakanna um árabíl og sinnti trúnaðarstörfum fyrir samtökin bæði hérlendis og erlendis. Bryndís var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 fyrir störf í þágu Parkinsonsamtakanna. Bryndísar er minnst með miklum hlýhug og við sendum aðstandendum hennar innilegar samúðarkveðjur.

Samkvæmt lögum á að halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar en vegna COVID-19 og samkomubanninu varð stjórnin að fresta fundinum. Fundurinn var haldinn í Setrinu, Hátúni 10 og var líka í beinni útsendingu á netinu en tæknileg vandamál komu í veg fyrir að útsendingin gengi eins og ætlast var til og við biðjumst afsökunar á því.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Hildur Helga Gísladóttir var kjörinn fundarstjóri og Katrín Bjarney Guðjónsdóttir fundarritari. Hildur þakkaði gestum traustið og bar upp lögmæti fundarins og hreyfði enginn mótmælum við því og telst fundurinn því löglegur. Því næst var dagskráin kynnt.

2. Skýrsla stjórnar um starf samtakanna á liðnu ári

Vilborg Jónsdóttir, formaður Parkinsonsamtakanna, flutti skýrslu stjórnar sem verður birt á vefsíðu samtakanna. Vilborg sagði frá fundum ársins, þ.m.t. fræðslu- og félagsstarfi, námskeiðum, fræðslufundum, parkinsonkaffi, félagsráðgjöf, söng og iðjuþjálfun og viðbrögðum við COVID-19 þar sem viðburðir voru fluttir yfir á netið með góðum árangri. Vilborg talaði sérstaklega um að með fjarfundum gætu samtökin náð betur til þeirra sem búa á landsbyggðinni og til þeirra sem eiga ekki heimangengt.

Vilborg talaði líka um Parkinsonsetrið en stjórnin vinnur enn að því að koma upp Parkinsonsetri þar sem boðið væri upp á fræðslu, ráðgjöf og stuðning fyrir félagsmenn ásamt dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu. Parkinsonsamtökin geta fengið aðstöðu í Lífsgæðasetrinu í St. Jósefsspítala og umsókn um daggjöld liggur inni hjá Heilbrigðisráðuneytinu en því miður er ekki komið svar fyrir þeirra umsókn ennþá.

Vilborg fjallað um deildina á Akureyri og fór yfir skýrslu stjórnarinnar á Akureyri fyrir sl. ár. Vilborg þakkaði öllum sem lögðu Parkinsonsamtökunum lið á árinu með hin ýmsu verkefni. Eins þakkaði hún öllum sem hafa styrkt samtökin á árinu. Parkinsonsamtökin hafa fengið styrki frá einstaklingum, sjóðum og fyrirtækjum sem sýnir mikinn velvilja í garð samtakanna og eru okkur ómetanlegir.

3. Endurskoðaðir reikningar samtakanna lagðir fram

Einar Guttormsson, gjaldkeri, kynnti rekstur og efnahag í ársreikningi og fjárhagsstöðuna almennt. Félagið skilaði 19.550.563 kr. hagnaði.

4. Umræður og afgreiðsla skýrslu stjórnar og reikninga

Rætt var um félagsstarfið, mætingu og sjálfboðaliðastörf. Helsta ástæða fyrir hagnaði er símasöfnun fyrir Parkinsonsetrið sem hefur gengið mjög vel.

Skýrsla stjórnar var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Reikningarnir voru bornir upp til samþykkis og voru þeir samþykktir samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár kynnt, rædd og afgreidd

Einar kynnti áætlun næsta starfsárs, áætlun um félagsgjöld, styrki, framlag frá ÖBÍ, símasöfnun, kostnað vegna símasöfnunar, laun og launatengd gjöld, húsnæðiskostnaði, kostnaðar vegna félagsstarfs, viðburða og fleira. Áætlað er að félagið skili um 14,8 milljón kr. hagnaði á nýju ári. Áætlunin var samþykkt með handauppréttingu allra fundargesta.

6. Ákvörðun um árgjöld og umsýslugjald deilda

- Lagt er til að félagsgjald verði óbreytt, 4.000 kr. árgjald.
- Lagt er til að umsýslugjald deilda verði áfram 15% af þessu gjaldi.

Báðar tillögur voru samþykktar samhljóða.

7. Lagabreytingar

Engar lagabreytingatillögur bárust fyrir fundinn.

8. Inntaka nýrra deilda

Engar óskir um inntöku nýrra deilda bárust fyrir fundinn.

9. Stjórnarkjör

Framboð til formanns (til eins árs):

- Vilborg Jónsdóttir (er formaður og gefur kost á sér áfram)

Ekki var neitt mótframboð og var Vilborg því réttkjörin sem formaður með handauppréttingu.

Framboð til stjórnar (til tveggja ára):

- Katrín Bjarney Guðjónsdóttir (nýtt framboð)
–Katrín flutti sína kynningarræðu.
- Ágústa Kristín Andersen (er varaformaður og býður sig aftur fram í stjórn núna)

Aðrir voru ekki í framboði og voru þær því réttkjörnar í stjórnina með handauppréttingu.

Áfram í stjórn:

- Einar Guttormsson (kosinn til 2 ára í fyrra)
- Jón Benedikt Björnsson (kosinn til 2 ára í fyrra)

Framboð til varastjórnar (til eins árs):

- Ólafur Árnason (nýtt framboð)
- Andrés Arnalds (býður sig aftur fram í varastjórn)

Ólafur gat því miður ekki verið á fundinum en fundarstjóri las upp kynningu frá honum.

Aðrir voru ekki í framboði og voru þeir því báðir réttkjörnir í stjórnina með handauppréttingu.

10. Kjör 2ja skoðunarmanna reikninga

Tillaga var lögð fram um:

- Jón Þórir Leifsson
- Sunna Jóhannsdóttir

Tillagan um kjör þeirra sem skoðunarmenn reikninga var samþykkt með handauppréttingu.

11. Kjör 3ja manna í laganefnd

Tillaga var lögð fram um:

- Reynir Kristinsson
- Snorri Már Snorrason
- Ingibjörg Hjartardóttir

Tillagan um kjör þeirra í laganefnd var samþykkt með handauppréttingu.

12. Önnur mál

Snorri Már hvatti sér hljóðs og þakkaði fyrir fjarfundina. Parkinsonsamtökin lögðu fjarfundi til við ÖBÍ árið 2010 en núna eru samtökin í fararbroddi í að bjóða upp fjarfundi meðal aðilarfélaga ÖBÍ. Hann kynnti líka reiðhjólamiðstöð, Allir hjóla, sem er að opna í Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar en þar verður hægt að leigja hjól fyrir fatlaða. Félögum í Parkinsonsamtökunum er boðið í sérstaka opnun og fá að skoða og prófa hjólin föstudaginn 29. maí kl. 17.

Vilborg þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum og Ernu verkefnastjóra fyrir gott starf í þágu samtakanna.

Endurkjörinn formaður Parkinsonsamtakanna, Vilborg Jónsdóttir, sleit fundinum.